

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

634. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 8. febrúar 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.
2. Bréf Rakelar Runólfsdóttur.
3. Bréf Byggðastofnunar.
4. Bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.
5. Aðalfundarboð Hagfélagsins ehf.
6. Bréf Ungmennafélags Íslands.
7. Fundargerð 771. Fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
8. Aðalfundarboð Fasteignafélagsins Borgar ehf.
9. Bréf Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf.

Afgreiðslur:

1. Fulltrúar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Guðjón Brjánsson og Guðmundur Haukur Sigurðsson, eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um sameiningu heilbrigðisstofnana á svæðinu sem tók gildi þann 1. janúar sl. og skipulag þeirrar nýju stofnunar sem þá varð til. Einnig farið yfir lækkun á fjárframlögum ríkisins til stofnunarinnar á árinu 2010 og hvernig við því verði brugðist en boðað hefur verið að hjúkrunarrýmum á Hvammstanga verði fækkað um tvö. Mikil umræða var um þjónustu stofnunarinnar í sveitarfélaginu t.d. þá stöðu sem heilbrigðisstofnanir búa almennt við nú um stundir gagnvart mönnun fastra stöðugilda lækna.
2. Fram lagt bréf Rakelar Runólfsdóttur þar sem hún óskar eftir lausn frá sveitarstjórnarstörfum frá 1. mars nk. til loka kjörtímabilsins vegna fæðingarorlofs. Samþykkt að vísa erindinu til afgreiðslu sveitarstjórnar.
3. Fram lagt bréf Byggðastofnunar. Í bréfinu er gerð grein fyrir úttekt stofnunarinnar á gríðarlegum vanda stofnfjáreigenda í fyrrum Sparisjóði Húnaþings og Stranda og mögulegum áhrifum á byggð og búsetu í þessum sveitarfélögum. Í bréfinu er m.a. getið um þá sérstöðu við mál stofnfjáreigenda í Húnaþingi og Bæjarhreppi hve margir íbúanna kunnu að verða fyrir áföllum og hve stór þau eru. Byggðarráð samþykkir að bréf Byggðastofnunar verði kynnt ráðherrum ríkisstjórnar og alþingismönnum kjördæmisins.
4. Fram lagt bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilkynnt er að Húnaþingi vestra hafi verið veittur 50 þorskígildistonna byggðakvóti. Byggðarráð samþykkir að óska eftir staðfestingu ráðuneytisins á tillögum Húnaþings vestra um úthlutun byggðakvótans. Afgreiðslu á úthlutunarreglum er vísað til sveitarstjórnar.
5. Fram lagt aðalfundarboð Hagfélagsins ehf. en fundurinn verður haldinn þann 15. febrúar nk. kl. 13:00 í fjarkennslustofu að Höfðabraut 6 á Hvammstanga. Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
6. Bréf UMFÍ lagt fram til kynningar. Í bréfinu er kynnt auglýsing sambandsins þar sem óskað er eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ til að annast undirbúning og framkvæmd 15. Unglingalandsmóts UMFÍ árið 2012.
7. Til kynningar lögð fram fundargerð 771. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Elín R. Líndal skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.

8. Fram lagt aðalfundarboð Fasteignafélagsins Borgar ehf. en fundurinn verður haldinn þann 16. febrúar nk. kl. 14:00 á Síróp – veitingahúsi á Hvammstanga. Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
9. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. lagt fram. Í bréfinu er þess óskað að Húnaþing vestra veiti almenna heimild fyrir því að lánasjóðurinn birti upplýsingar um stöðu lána sveitarfélagsins hjá sjóðnum. Með slíkri samþykkt er lánasjóðnum veitt heimild til að víkja frá reglum um bankaleynd sem kveðið er á um í 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Meðfylgjandi bréfinu er yfirlýsing þessa efnis sem óskast samþykkt af sveitarstjórn. Byggðarráð samþykkir að vísa afgreiðslu erindisins til sveitarstjórnar. Samþykkt að taka á dagskrá:
10. Fram lagt aðalfundarboð Forsvars ehf. en fundurinn verður haldinn þann 16. febrúar nk. kl. 16:00 í fjarkennslustofu að Höfðabraut 6 á Hvammstanga.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:20

Elín R. Líndal(sign.),
Rakel Runólfssdóttir(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign.).